



# Framkvæmda- fréttir

7. tbl. /08



*Breikkun Reykjanesbrautar (41) er hér boðin út að nýju eftir að verktaki sagði sig frá verki.*

## Auglýsingar útboða

### Reykjanesbraut (41), breikkun Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð 08-058

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Strandarheiði að Njarðvík ásamt frágangi við vegamót Vogavegar, Grindavíkurvegar, Stapahverfis og Njarðvíkurveggar með tilheyrandi römpum, hringtorgum og þvervegum.

Ljúka skal tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem fyrri verktaki sagði sig frá verkinu. Á útboðskaflanum er ýmist búið að ljúka fyllingum, leggja neðra eða efra burðarlag eða leggja eitt eða tvö malbikslög. Ljúka skal við nýja syðri akbraut, ljúka fyllingum að brúm, frágangi fláa ásamt nauðsynlegri landmótun til að ljúka verkinu.

Farið verður í vettvangsferð með bjóðendum miðviku-daginn 26. mars 2008 kl. 13:30, frá Borgartúni 7 í Reykjavík. Tekið er á móti skráningum í vettvangsferðina, fram að hádegi þann 25. mars, í síma 522-1441 eða á [emm@vegagerdin.is](mailto:emm@vegagerdin.is)

Helstu magntölur eru:

Bergskering	14.500 m <sup>3</sup>
Fylling	35.000 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	15.000 m <sup>3</sup>
Ónothæft efni á losunarstað	25.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	23.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	23.000 m <sup>3</sup>
Malbik	200.400 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	95.000 m <sup>2</sup>

Útboðskaflinn skal vera opin almennri umferð, á báðum akbrautum, frá 16. október 2008. Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 1. júní 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. mars 2008. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 16. árg. nr. 492 17. mars 2008

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Sundabraut 1. áfangi Sundagöng og eyjalausn

## Tillaga að matsáætlun, mars 2008

Hér er birt samantekt sem er fremst í tillögu að matsáætlun.

Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og matsferlið er að finna á sérstakri heimasíðu á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), Vegagerðarinnar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) og Línuhönnunar verkfræðistofu [www.lh.is](http://www.lh.is).

Á bls. 4-5 er loftmynd sem sýnir báða kosti sem nú eru í mati á umhverfisáhrifum. Á bls. 6-7 er birt þversnið jarðgangalausnar.

### Samantekt

Sundabraut hefur nú verið á skipulagsáætlun í rúma tvo ára-tugi en hún var fyrst sett inn í aðalskipulag Reykjavíkur árið

## Auglýsingar útboða

### Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009 08-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðvestursvæði 2008 og 2009. Um er að ræða 15 vegkafla, alls 31,8 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki

Árið 2008. .... 130.670 m<sup>2</sup>

Árið 2009. .... 90.776 m<sup>2</sup>

Tvöföld klæðning

Árið 2008. .... 136.034 m<sup>2</sup>

Árið 2009. .... 94.666 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september bæði ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. mars 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk fremur rólega í viku 10. Siglufjarðarmegin voru sprengdir 48 m og er lengd ganga þeim megin frá um 3.533 m. Mánudaginn 10. mars voru einungis um 109 m eftir út til Héðinsfjarðar frá Siglufirði. Ólafsfjarðarmegin gekk hægt vegna bergþéttunga og voru sprengdir 29 m og er lengd ganga þeim megin frá um 2.633 m. Samtals var því búið að sprengja 6.166 m eða um 58,3% af heildarlengd.

1984. Í þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010 er Sundabraut skilgreind sem stofnvegur nr. 450 sem fyrirhugað er að liggi „Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði“. Með styttingu vegalengda og aukinni umferðarrýmnd mun Sundabraut hvort tveggja spara tíma fyrir vegfarendur og auka öryggi í umferðinni. Vegalengd frá miðborginni yfir í Geldinganes mun þannig stytta um nær 4 km eða um 30%. Gert er ráð fyrir að brautin verði byggð í áföngum. Áætlað er að fyrsti áfangi Sundabrautar nái frá tengingu Sundabrautar við Sæbraut og að Gufunesi með því

### Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2008, norðurhluti 08-037

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu á Norðaustursvæði árið 2008 í Eyjarfjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu.

Helstu magntölur eru:

Efni í malar slitlag ..... 18.500 m<sup>3</sup>

Efni í klæðingu ..... 4.000 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. október 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. mars 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Dagverðareyraryvegur (816), Hringvegur - Helluland 08-004

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu á um 4,5 km löngum kafla Dagverðareyraryvegar (816), frá Hringvegi að Hellulandi.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar. .... 10.700 m<sup>3</sup>

Neðra burðarlag ..... 12.500 m<sup>3</sup>

Efra burðarlag ..... 6.800 m<sup>3</sup>

Stálröraræsi ..... 123 m

Tvöföld klæðing ..... 28.400 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.


Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. mars 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. apríl 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 10. mars. 2008. Búið er að sprengja 3.533 m í Siglufirði og 2.633 m í Ólafsfirði.





*Ferli mats á umhverfisáhrifum  
skv. lögum nr. 106/2000. Mynd: Línuhönnun hf.*

að þvera Kleppsvík. Annar áfangi brautarinnar mun ná frá Gufunesi yfir Eiðsvík, Geldinganes, Leiruvog, Gunnunes, Álfnes og Kollafjörð að tengingu við þjóðveg nr. 1 við Vesturlandsveg.

Fyrir fyrsta áfanga Sundabrautar hefur áður farið fram mat á umhverfisáhrifum fyrir þrjá valkosti, hábrú og botngöng á leið I og Eyjalaun á leið III. Matsskýrsla var gefin út í maí 2004, og úrskurður Skipulagsstofnunar var gefinn út 19. nóvember 2004, þar sem fallist var á alla valkosti nema þann að leggja brautina á fyllingu fyrir Gufuneshöfðann. Skipulagsstofnun setti ellefu skilyrði fyrir úrskurði sínum. Umhverfisráðuneytið staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar þann 8. nóvember 2005 með ákveðnum skilyrðum. Nú er á ný hafið mat á umhverfisáhrifum fyrir 1. áfanga á Sundabraut. Í þessari skýrslu er kynntur einn nýr valkostur, Sundagöng og breyting á áður framkomnum valkosti, Eyjalaun. Sundagöng eru jarðgöng sem fyrirhugað er að liggja frá Laugarnesi í vestri að Gufunesi í austri með því að þvera Kleppsvík. Eyjalaun er hins vegar einn kostur á leið III. Eftir útgáfu áður nefndrar matsskýrslu var ákveðið að kanna nánar jarðgangagerð á fyrsta áfanga brautarinnar. Ný jarðgangaleið, sem hér er kynnt, var valin til skoðunar. Gangamunni að vestanverðu liggur töluvert vestar en í fyrri hugmyndum um jarðgöng, eða á landfyllingu vestar við Kirkjusand/Laugarnes, og gangamunni að austanverðu er nær Geldinganesi en áður var. Breyting frá áður kynntri legu Eyjalaunsar felur í sér að í stað þess að brautin liggja í jarðgöngum í gegnum Gufuneshöfða er nú lagt til að vegurinn liggja á fyllingum vestar og utan við höfðann.

Heildar framkvæmdakostnaður Sundaganga er áætlaður um 24 milljarðar kr. en framkvæmdakostnaður við Eyjalaun á leið III er áætlaður um 15 milljarðar kr. Í þessari kostnaðaráætlun er reiknað með kostnaði við vegagerð alla leið út í Geldinganes sem er lengri áfangi en áður hefur verið reiknað


með. Í þessum samanburði hafa ekki verið metnir til fjár umhverfisþættir, aðgengi að Ártúnshöfða, röskun á starfsemi fyrirtækja á framkvæmdatíma, áhrif á framtíðarskipulag, mismunandi umferðarpungi á aðrar götur o.fl. Hér er þó um að ræða hefðbundna kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdakostnað, þar sem gert er ráð fyrir kostnaði við mótvægisaðgerðir t.d. vegna hljóðvarna.

Á fundi sínum þann 17. janúar 2008 samþykkti borgarráð Reykjavíkur eftirfarandi; „Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 14. desember 2006 og vísan til síðari rannsókna sem sýna að Sundagöng eru fær kostur, samþykkir borgarráð að Sundabraut verði lögð í göngum frá Gufunesi í Laugarnes, með eðlilegum fyrirvara um niðurstöðu umhverfismats....“.

Hafinn er undirbúningur af hálfu Reykjavíkur að auglýsa jarðgöng á leið I sem breytingu á svæðis- og aðalskipulagi og gera umhverfismat áætlana í tengslum við þá breytingu.


Áætlað er að ráðast í hönnun og framkvæmdir við 1. áfanga Sundabrautar þegar matsferli er lokið. Undirbúningur og framkvæmd tekur um 5 til 6 ár.

Í tillögu að matsáætlun sem hér liggur fyrir er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og fjallað um umfang og áherslur umhverfismatsins. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu. Í frummatsskýrslu verða áhrif á eftirfarandi þætti metin: hafstrauma, laxfiska, landslag og sjónræna þætti, útivist, fornleifar, náttúruminjar, hljóðvist, loftgæði, samgöngur og umhverfisáhrif á framkvæmdatíma. Í matsáætlun er tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við mat á umhverfisáhrifum og hvaða rannsóknir er fyrirhugað að ráðast í vegna matsins. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi og hagsmunaaðilum auk þeirra fagstofnana sem hafa lögbundið hlutverk við matsferlið. Tillagan er nú birt ásamt þeim athugasemdum sem gerðar voru við drögin og svörum framkvæmdaaðila.




Samtals er búið að sprengja 6.166 m sem er 58,3% af heildarlengd.





**M** Loftmyndir ehf.



**Skýringar**

- Veglinur Sundabrautar, Sundagöng og Eyjalausn á leið III
- Veglinur Hallsvegar - skv. aðalskipulagi og Sundagangaleið
- Mörk athugunarsvæðis og mögulegt svæði beinna áhrifa
- Áætlaðar staðsetningar brúaropa
- Áætlaðar staðsetningar mislæggra gatnamóta

- Veglína
- Veglína
- Áætlað
- Landfylli
- - - Áætlað






í jarðgöngum  
Sundabrautar, 2. áfangi  
á staðsetningar málslægra gatnamóta í 2. áfanga  
áætlingar samkvæmt aðalskipulagi  
áætlingar landfyllingar í tengslum við Sundabraut

DAGSETT:	feb 2008
TEKNAÐ:	STP / ARK
BLAÐSTÆRÐ:	A3
SKALA:	1:20.000

	VEGAGERÐIN
	REYKJAVÍKURBORG
HEITI:	SBJ-13

<b>SUNDAGÖNG OG EYJALAUN MAT Á UMhverfisáHRIFUM</b>	
Valkostir og afmörkun athugunarsvæðis	
	<b>Línuhönnun</b> verkfræðistofa





## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi lista er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista


Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Fíuhvammsvegur, hönnun	08
08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08

### Fyrirhuguð útboð, framhald

### Auglýst:

08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfskáli - Sláttudalur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008	08
08-050 Grasslátur á Suðvestursvæði 2008-2010	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	08
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	08
08-028 Mýrdalsjökulsvegur (222), Skálavegur (246), Skógar að byggðasafni (2288)	08
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	08

# dagöng



Lengd í línu

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Hæðarendi	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bungufló - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slittlagsendi - Illugastaðir	08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08
07-086 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Drangnesvegur	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð	17.03.08 08.04.08
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	17.03.08 08.04.08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti	17.03.08 01.04.08
08-004 Dagverðareyjarvegur (816), Hringvegur - Helluland	17.03.08 01.04.08
08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg	10.03.08 15.04.08
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	11.02.08 26.02.08
07-091 Auðsholtsvegur (340) um Syðra Langholt	04.02.08 19.02.08
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár	28.01.08 12.02.08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	28.01.08 19.02.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	26.11.07 15.01.08
07-062 Óshlíðargöng	07.08.07 22.01.08
Samningum lokið	Opnað: Samið:
08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010 Vegmerking ehf.	19.02.08 11.03.08

## Frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Vegagerðin veitir fjölda styrki til rannsóknaverkefna á hverju ári. Styrkimir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fimm af þeim skýrslum sem komið hafa út en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

## Skynjarar í kápusteypu Borgarfjarðarbrúar

Hita- og tæringarskynjurum var komið fyrir í kápusteypu sem notuð var til viðgerðar á stöplum Borgarfjarðarbrúar. Tilgangurinn var að kanna áhrif sjávarfalla á frost/þíðu-sveiflur í steypunni og hvort tæringarsellur gætu gefið upplýsingar um ástand bendistáls. Niðurstöður voru að yfirborð kápusteypunnar er nánast aldrei í hættu á frost/þíðu-skemmdum. Vegna sjávarfalla, verður frost/þíðu-sveiflan aldrei mikil og þegar lofthiti fer niður í um  $-8^{\circ}\text{C}$  nær sjórinn ekki að hita steypuna upp fyrir frostmark. Ýmis vandamál komu upp varðandi tæringarsellurnar og ekki hægt að mæla með notkun þeirra til að meta ástand bendistáls.

## Rifflur á vegum

Í þessu verkefni var safnað upplýsingum um notkun rifflna (rása) í malbiki á vegköntum og rannsóknum á áhrifum þeirra. Megin tilgangur með slíkum rásum er að vekja öikumenn sem eru í þann veginn að keyra út af vegi, eða yfir á akrein með umferð í gagnstæða átt. Niðurstöður eru að menn virðast sammála um að rifflur séu til bóta, þótt rannsóknir gefi misjafnar niðurstöður. Skýrsluhöfundar leggja til að rifflur verði íhugaðar gaumgæfilega sem ódýr og áhrifamikill kostur til að fækka slysum.

## Jarðskjálftar: Yfirlit yfir hröðunarmælingar árin 2005 og 2006

Þessi skýrsla tengist verkefninu „Jarðskjálftamælingar í brúm“. Vegagerðin og Verkfræðistofnun Háskóla Íslands hafa samið um rekstur jarðskjálftamæla í brúm. Rekstur, gagnasöfnun og viðhald mæla er í höndum Rannsóknamiðstöðvar í jarðskjálftaverkfræði. Mælarnir eru hluti af stærra mælaneti og fjallar skýrslan um mælingar árin 2005 og 2006. Lítil jarðskjálftavirkni var á landinu á þessu tímabili og aðeins mældust skjálftar sem flokka má sem óverulega eða litla.

## Handbók um snjóhönnun vega

Tilgangur þessarar handbókar er að gera helstu grunnatriðum um snjóhönnun vega aðgengileg á einum stað. Bókinni er ætlað að þjóna sem uppflettirit fyrir veghönnuði og aðra sem koma að vega- og gatnagerð á skafrenningssvæðum á Íslandi. Efni handbókarinnar styðst við innlendar og erlendar heimildir, en tekur auk þess mið af óútgefnum reynslugögnum, sem m.a. hefur verið aflað í viðtölum við starfsmenn Vegagerðarinnar.

## Þróun á HRAS-veðurspárkerfinu, með áherslur á samgöngur

Veðurstofan, Vegagerðin, Flugmálastjórn og Siglingastofnun gerðu með sér samkomulag um endurbætur á veðurspárkerfi, sem sett var upp innan HRAS verkefnisins (HRAS stendur fyrir háupplausnareikningar til almennrar spágerðar). Megin tilgangurinn var að spárnar yrðu sem áreiðanlegastar og settar fram á aðgengilegu formi fyrir notendur, til dæmis starfsmenn Vegagerðarinnar og vegfarendur. Niðurstöður eru að spárnar hafa batnað, en enn er ólokið endurbótum á uppsetningu daglegra reikninga. Einnig liggur enn fyrir að bæta framsetningu spágagna sem sniðin er að þörfum stofnananna.



Jarðfræðirannsóknir við nýtt brúarstæði Jökulsár á Fjöllum 11. apríl 2006. Mynd: Hafdís E. Jónsdóttir